

Mánudaginn 27. marz 1916.

32/1915

Hálf dán Hálf dánarson

gegn

Ó. F. Davíðssyni

fyrir hönd

verzlunar Leonh. Tang & Sön.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Hálf dán Hálf dánarson útvegsbóndi í Hnífsdal fyrir gestarétti Ísafjarðar-kaupstaðar gegn stefnda Ó. F. Davíðssyni verzlunarstjóra fyrir hönd verzlunar Leonh. Tang & Sön á Ísafirði til greiðslu á kr. 920.01 auk 5% ársvaxta frá stefnudegi 10. desbr. 1914 til borgunardags. Lauk máli þessu svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 13. apríl f. á., að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjanda 406 kr. 86 aur. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. maí f. á., og krefst hann þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 941.01 með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir hinsvegar gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 4. okt. f. á., og krefst hann þess, að verða sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda gegn því að greiða kr. 79.89 eða til vara kr. 129.80 og til þrauta-

vara kr. 139.94. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Krafa áfrýjanda sundurliðast þannig:

I. Eftirstöðvar af borgun fyrir móttöku á blautfiski og á fiski upp úr salti .	kr. 737.94
II. Eftirstöðvar af húsaleigu	— 165.00
III. Uppbót á innlögðum fiski	— 38.07
	<hr/>
	kr. 941.01

Hvað hinn fyrsta lið snertir byggir áfrýjandi þessa kröfu sína á því, að hann hafi tekið á móti fiski fyrir verzlun Leonh. Tang & Sön frá 11. sept. 1912 til 27. jan. 1914. Hældur hann því fram, að hann á þessu tímabili hafi tekið á móti 25867½ kg. af blautfiski og 125657 kg. af fiski upp úr salti. Fyrir móttöku á blautfiski hafi sér verið lofað 5 kr. fyrir hver 400 kg. eða kr. 322.50, fyrir móttöku á saltfiski hafi sér borið 3 kr. fyrir hver 250 kg. eða kr. 1528.50. Uppi þessar samtals kr. 1851.00 hafi stefndi að eins greitt sér kr. 1113.06, og eigi hann því til góða kr. 737.94.

Stefndi neitar því ekki, að áfrýjandi hafi verið ráðinn til að taka á móti fiski fyrir verzlun Leonh. Tang & Sön umrætt tímabil, en hann heldur því fram, að svo hafi verið umsamið, að áfrýjandi skyldi fá 3 kr. fyrir hver 400 kg. af fiski, sem hann tæki á móti, hvort heldur væri blautfiskur eða saltfiskur, en að því er snertir blautfiskinn hafi áfrýjandi auk þess átt að fá borgun fyrir flatning og þvott eftir sundurliðuðum reikningi yfir vinnuna, þó ekki yfir 2 kr. fyrir 400 kg., en fyrir þessu hafi hann engan

reikning gert, þarnæst heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi alls tekið á móti 22357 $\frac{1}{2}$ kg. af blautfiski og 129183 $\frac{1}{2}$ kg. af fiski úr salti. — Að þessi skýrsla um þyngd fisksins sé rétt samkvæmt bókum verzlunarinnar er staðfest með vottorði notarii, og þar sem henni er ekki hnekt af hálfu áfrýjanda, verður að leggja hana til grundvallar í máli þessu.

Engar frekari upplýsingar hafa fengist um samning málsaðila, en eftir því sem fram er komið í málinu verður krafa áfrýjanda um 5 kr. fyrir móttöku á hverjum 400 kg. af blautfiski ekki talin ósanngjörn, og með því að hinn umræddi fiskur var 22357,5 kg. ber stefnda, svo sem ákveðið er í undirdóminum, að greiða áfrýjanda fyrir móttöku á þessum fiski kr. 279.47. — Frá þessari upphæð krefst stefndi að verði dregnar kr. 65.35, er hann hafi orðið að greiða fyrir flatning og uppþvott á umræddum fiski, en þar sem þessari kröfu er mótmælt, og stefndi hefir engar sannanir færð fyrir henni verður hún ekki tekin til greina.

Fyrir móttöku á söltuðum fiski krefst áfrýjandi, svo sem fram hefir verið tekið, að fá 3 kr. fyrir hver 250 kg. Þessa borgun telur stefndi alveg ósanngjarnlega háa. Skýrir hann svo frá, að verzlunin greiði venjulega ekki meira en 2 kr. fyrir móttöku á 400 kg. af slíkum fiski, en til þess að gera áfrýjanda ánægðan hafi honum verið lofað 3 kr. fyrir 400 kg. — Þar sem þessi borgun virðist eftir framkomnum upplýsingum hæfileg og áfrýjandi hefir ekki sannað að honum hafi verið lofuð hærri borgun, þykir eigi ástæða til að dæma stefnda til að greiða hærri borgun fyrir saltfisksmóttökuna. Þar sem hinn

móttækni fiskur var 129183,5 kg. ber áfrýjanda á þessum lið kr. 966.38.

Þá hefir áfrýjandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 285 kr. sem húsaleigu eftir skúr, sem notaður var við móttöku á umræddum fiski. Telur áfrýjandi að skúrin hafi verið notaður í þágu verzlunarinnar í 19 mánuði, og hefir hann sett húsaleiguna 15 kr. á mánuði. — Uppi þessa kröfu hefir stefndi þegar greitt 120 kr., heldur hann því fram að svo hafi verið um samið, að verzlunin skyldi greiða 10 kr. mánaðarleigu meðan ekkert hlé væri á fisktökunni, en frá septemberbyrjun hafi mjög orðið hlé á fisktökunni; sé því hin greidda upphæð nægileg borgun.

Því hefir ekki verið mótmælt að umræddur skúr hafi verið notaður í þarfir verzlunarinnar í 19 mánuði og verður hún því að greiða húsaleigu fyrir umræddan tíma allan, en þar sem því hefir eigi verið mótmælt af áfrýjanda að umræddur skúr sé eigi meira en 400 kr. virði, virðist ekki ástæða til að dæma stefnda til að greiða hærri mánaðarleigu en 10 kr., sem hann hefir boðið fram, og ber þá stefnda að greiða áfrýjanda í húsaleigu alls 190 kr.

Loks hefir áfrýjandi krafist 38 kr. 7 aur. sem uppbót á innlögðum fiski. Með því áfrýjandi hefir eigi sannað, að honum hafi verið lofað hærri verði fyrir fisk sinn, en honum hefir verið reiknað, og hann hefir heldur eigi sannað, að hann hafi fengið lægra verð en aðrir fyrir samskonar vöru á sama tíma, ber að fallast á ákvæði undirdómsins um að krafa þessi geti eigi tekist til greina.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða áfrýjanda kr. 279.47, +966.38, +190.00 . kr. 1435.86
 Þar upp í er þegar greitt — 1233.06
 En eftirstöðvarnar kr. 202.79
 ber stefnda að greiða áfrýjanda með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Málaflutningsmaður áfrýjanda Skúli S. Thorodd-
 sen yfirréttarmálaflutningsmaður hefir fyrir undirrétti
 krafist þess, að undirdómarinn víki úr dómarsæti í
 máli þessu sökum þess, að hann hafi veitt öðrum
 málsaðila óheimila lögfræðislega aðstoð og þar með
 gjört sig óhæfan að dæma í málinu. Héraðsdómar-
 inn neitaði að víkja sæti í málinu og dæmdi mála-
 flutningsmanninn til að sæta 20 kr. sekt fyrir að
 dróttu þessu að dómaranum. — Krafa málaflutnings-
 mannsins um að undirdómarinn víki úr dómarsæti
 í máli þessu er á engum rökum byggð, en hins vegar
 þykir eigi næg ástæða til að sekta málaflutnings-
 manninn fyrir framkomu sína eða ummæli fyrir
 réttinum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Ó. F. Davíðsson verzlunarstjóri fyrir
 hönd verzlunar Leonh. Tang & Sön á Ísafirði
 greiði áfrýjanda Hálfðáni Hálfðánarsyni 202 kr.
 79 aura með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til

borgunardags. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. apríl 1916.

68/1915

Sigurður Hjörleifsson
gegn
Birni Kristjánssyni.

D ó m u r :

Með skjali dags. 3. apríl 1912 skuldbatt Björn bankastjóri Kristjánsson sig til að greiða áfrýjanda Sigurði Hjörleifssyni ritstjóra næstu 6 ár frá 1. júlí s. á. til 1. júlí 1918, 300 kr. á ári, er greiðast skyldu fyrirfram með 150 kr. 1. júlí og 1. jan. ár hvert. Var þessi greiðsla þeim skilyrðum bundin, að áfrýjandi flytti sig sama ár til Reykjavíkur, að hann frá 1. júlí gæfi sig við stjórnmalastörfum og gerðist pólitískur ritstjóri blaðsins »Ísafold« um greint 6 ára bil og að hann sæi blaðinu »Norðurlandi« á Akureyri fyrir efni, sérstaklega stjórnmalagreindir, að svo miklu leyti sem þörf gerðist og fyrir yrði komið um sama tímabil. Áfrýjandi flutti sig til Reykjavíkur í júní 1912, og tók við ritstjórn »Ísafoldar« 1. júlí s. á., en slepti þeim starfa aftur 1. marz 1913. Stefndi greiddi ekkert af fé því, sem hann hafði heitið áfrýj-